

Mál nr. 239/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er ungur drengur féll af vinnulyftu.

Gögn.

1. Málskot, móttengið 17.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.8.2010.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M, níu ára gamall, að leika sér á skólalóð þann 11. júlí 2008, en skólinn var þá í byggingu. Prik sem hann var með lenti ofan í vinnulyftu sem var á skólalóðinni á vegum byggingarverktakans V. Fór M upp á lyftuna til að sækja prikið, en féll á leið sinni niður og hlaut 10 cm langan skurð á hægri upphandlegg.

M kveður starfsmenn B hafa skilið vinnulyftuna eftir á skólalóð nálægt leiktækjum fyrir börn. Hafi starfsmennirnir átt að hlutast til um að börn ættu ekki aðgang að lyftunni og gætu ekki klifrað upp í hana. Með því hvernig gengið var frá lyftunni hafi verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er sérstaklega vísað til 15. gr. laganna. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við fallið út lyftunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð á lóð skóla sem var í byggingu og mun hafa átt að taka skólann í notkun um haustið 2008. Unnið var við klæðningu skólabyggingarinnar þegar slysið varð. Ráða má af gögnum málsins að vinnulyftan, sem M féll úr, hafi verið notuð við það starf. Slysið mun hafa orðið í lok vinnudags og hafði verið gengið frá lyftunni upp við bygginguna. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins um að lyftan hafi verið vanbúin. Aðilar deila um það hvort vinnusvæðið kringum bygginguna hafi verið afgirt. Hvað sem því líður virðist M hafa átt greiða leið að lyftunni. Engu að síður verður ekki séð af gögnum málsins að B hafi borið að búa svo um hnúta að lyftan væri girt af, enda hefur ekki verið sýnt fram á að af henni hafi stafað meiri hættu en ýmsum tækjum sem skilin eru eftir á almannafæri og geta haft hættu í för með sér ef klifrað er upp á þau. Telst því ósannað að slysið verði rakið til vanrækslu starfsmanna M við frágang lyftunnar eða annarra atvika sem hann getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.